

**Nd.**

**162. Frumvarp**

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

1. gr.

36. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, slægjuafnot og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekinn enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

Greinargerð.

Það er orðið altítt, að kaupstaðabúar og lausamenn fái lánaðar slægjur hjá bændum, sumpart til þess að afla fódurs handa skepnum sínum, en sumpart til þess að selja öðrum heyið.

Þetta siðartalda hefir mjög færst í vöxt hin síðari árin, einkum í nánd við kaupstaðina.

Eftirspurn eftir heyi hefir aukist mjög í kaupstöðunum; hafa því margir lagt kapp á það að tryggja sjer slægjuafnot hjá bændum með samningum,

sem gilda yfir lengri og skemri tíma, og er þetta nú orðið nokkurn veginn föst atvinnugrein hjá mörgum, og hefir hún reynst mjög tekjudrjúg.

Það hefir því verið undan því kvartað, að eigi væri hægt að gera þennan atvinnurekstur útsvarsskyldan í þeim hreppum, þar sem atvinnan er rekin.

Í þessu atriði hafa þau ákvæði sveitarstjórnarlaganna, sem sjáanlega hefir verið ætlast til að þetta heyrði undir, ekki reynst nægjanlega ljós.

En með breytingu þeirri, sem hjer er gerð á lögnum, er þetta svo ljóst fram tekið, að eigi verður um vilst.